



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir

3. mars 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Þýðing söngtexta er á bls. 12.

Áætluð tímalengd verka:

Cantus: 7´

Te Deum: 30´

Sinfónía nr. 3: 58´

Mynd á kápu: Margrét Þorsteinsdóttir, Þórdís Stross, Dóra Björgvinsdóttir og Gunnhildur Daðadóttir, fiðluleikarar. Sesselja Halldórsdóttir, Þórarinn Már Baldursson og Guðrún Þórarinsdóttir, víóluleikarar. Daði Kolbeinsson og Peter Tompkins, óbóleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir

Tónleikar í Eldborg 3. mars 2016 » 19:30

Tõnu Kaljuste hljómsveitarstjóri
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri

Arvo Pärt *Cantus in memoriam Benjamin Britten (1977/1980)*

Arvo Pärt *Te Deum (1985/1992)*

Hlé

Henryk Mikołaj Górecki *Sinfónía nr. 3, Sinfónía tregafullra söngva (1976)*
Lento – Sostenuto tranquillo ma cantabile
Lento e largo – Tranquillissimo
Lento – Cantabile semplice

Tõnu Kaljuste

hljómsveitarstjóri



Tõnu Kaljuste hefur starfað sem kór- og hljómsveitarstjóri með afburða árangri, ekki síst með Kammerkór Eistnesku filharmóníunnar sem hefur túlkað tónlist Pärts á metsölu-diskum og tónleikum víða um heim. Hann hlaut Grammy-verðlaunin 2014 fyrir túlkun sína á verkum Arvos Pärt á disknum *Adam's Lament* með Sinfóníettunni í Riga, Tallinn-kammerhljómsveitinni og Kór Lettneska útvarpsins.

Auk tónlistar eftir Arvo Pärt hefur Tõnu Kaljuste sérhæft sig í túlkun verka eftir György Kurtág, Krzysztof Penderecki, Giya Kancheli og Alfred Schnittke ásamt tónlist samlanda sinna, eistnesku tónskáldanna, Erkki-Sven Tüür, Veljo Tormis, Heino Eller og Tõnu Korvits.

Kaljuste er stofnandi Kammerkórs Eistnesku filharmóníunnar og Tallinn-kammerhljómsveitarinnar og hefur komið fram með þeim í öllum helstu tónleikasölum og tónlistarhátíðum heims. Kaljuste er tíður gestastjórnandi, meðal annars hjá Filharmóníusveit Lundúna, BBC-sinfóníuhljómsveitinni, Sænsku útvarpshljómsveitinni, Mahler-kammerhljómsveitinni, Skosku kammersveitinni og Akademie für Alte Musik í Berlín en auk þess kemur hann reglulega fram með Camerata í Salzburg, RIAS-kammerkórnum og Kór Lettneska útvarpsins. Á árunum 1978–1985 var Kaljuste hljómsveitarstjóri Eistnesku þjóðaróperunnar, gegndi stöðu aðalstjórnanda hjá Sænska útvarpskórnum og Hollenska kammerkórnum en frá árinu 2004 hefur hann verið listrænn stjórnandi Nargen-óperu-hátíðarinnar í Eistlandi.

Tõnu Kaljuste hefur stjórnað upptökum hjá útgáfufyrirtækjunum ECM, Virgin Classics og Caprice og hafa ýmsar viðurkenningar fallið honum í skaut eins og Diapason d'Or, Cannes Classical-, Edison- og Classic BRIT-verðlaunin.

Kaljuste, sem er meðlimur í Konunglegu tónlistarakademíunni í Svíþjóð, stýrir nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í annað sinn.

Um stjórnandann

Hamrahlíðarkórinn hefur þrisvar áður sungið undir stjórn Kaljustes, þótt það hafi verið fyrir skólatíð þeirra sem standa á sviðinu í kvöld. Kórinn söng á tónleikum undir hans stjórn á Europa Cantat-kórahátíðunum í Linz í Austurríki 1997 og í Tartu í Eistlandi 2004 og svo á tónleikum í Háskólabíói 2003 með Sinfóníuhljómsveitinni.

Hallveig Rúnarsdóttir

sópran



Hallveig Rúnarsdóttir hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991 og lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Það sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001.

Hallveig hefur sungið nokkur óperuhlutverk, flest hjá Íslensku óperunni en einnig víðar. Meðal hlutverka hennar eru Michaëla í *Carmen* eftir Bizet, Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart, Gianetta í *Ástardrykknum* eftir Donizetti og Echo í *Ariadne auf Naxos* eftir Richard Strauss. Hallveig hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og sungið í mörgum helstu stórverkum tónbókmenntanna. Hún hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita, bæði hér á landi og erlendis.

Hallveig hefur verið mjög virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, t.d. á Listahátíð í Reykjavík og á Sumartónleikum í Skálholti, auk upptaka fyrir útvarp. Hallveig hefur haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi undanfarin ár þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng.

Árið 2013 hlaut Hallveig Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í sígildri- og samtímatónlist fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í *Carmen* hjá Íslensku óperunni. Hún var tilnefnd til Grímuverðlauna sem söngvari ársins árið 2014 fyrir sama hlutverk. Árið 2014 var hún tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna, annað árið í röð.

Hallveig syngur um þessar mundir hlutverk Donnu Önnu í *Don Giovanni* hjá Íslensku óperunni og meðal annarra verk efna vorsins eru tónleikar á Listahátíð í Reykjavík og hlutverk stúlku í óperunni *Á ferð* eftir Kristian Blak í Færeyjum.

Hamrahlíðarkórarnir

Hamrahlíðarkórarnir hafa um áratuga skeið verið í fararbroddi íslenskra æskukóra. Síðar á þessu ári verða liðin 49 ár frá því að Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður, og kór eldri nemenda, Hamrahlíðarkórinn, var settur á stofn árið 1982. Kórarnir vinna oft að sameiginlegum verkefnum og hafa unnið hvern sigurinn af öðrum á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um heim.

Fjöldmörg tónskáld hafa samið verk fyrir Þorgerði og Hamrahlíðarkórana og hafa ótalmargar upptökur verið gerðar fyrir útvarp og sjónvarp innan lands sem utan. Þrjár hljómplötur og tíu geisladiskar hafa komið út með söng kóranna, nú síðast diskur með eldri hljóðritunum sem fylgir bókinni *Kveðið í bjargi*, þar sem rakin er saga kórstarfsins og samstarf kóranna við íslensk og erlend tónskáld. Hamrahlíðarkórinn var valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2002 og hefur tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Kórarnir hafa átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 1975 og hafa meðal annars flutt *Níundu sinfóníu* Beethovens, *Sálumessu* Mozarts og *Dafnis og Klói* eftir Ravel. Kórarnir hafa tvisvar komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu, í *Chichester Psalms* eftir Leonard Bernstein árið 2013 og *The Isle is Full of Noises* eftir Daníel Bjarnason 2014. Á liðnu sumri tók Hamrahlíðarkórinn þátt í Europa Cantat-kórahátíðinni sem haldin var í Pécis í Ungverjalandi, og flutti þá *Messu í h-moll* eftir Johann Sebastian Bach ásamt barokkhljómsveit og ítölskum kór ungra úrvalssöngvara.

Tónlistin á Íslandi

Um þessar mundir eru rétt rúmlega 40 ár síðan kór úr Hamrahlíð söng í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveitinni. Það voru stúlkur úr kórnum sem fluttu *Nocturnes* eftir Claude Debussy undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Stjórnandi tónleikanna, sem voru í Háskólabíói, var Karsten Andersen.

Þorgerður Ingólfssdóttir

kórstjóri




Þorgerður Ingólfssdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahlíðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika í yfir 25 þjóðlöndum, meðal annars á mörgum helstu kórahátíðum heims í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Þorgerður var aðalstjórnandi æskukórsins Radda Evrópu sem var víðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000, þar sem söngvarar frá hverri borg sameinuðust í stórum kór sem hélt tónleika um álfuna þvera og endilanga. Fyrir það verkefni samdi Arvo Pärt tónverkið ... *which was the son of...* sem hann tileinkaði Þorgerði. Hún stjórnaði jafnframt Röddum Íslands, kór 150 ungra kórsöngvara af öllu landinu sem kom fram á opunarhátíð Hörpu 13. maí 2011.

Þorgerður hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín, meðal annars nafnbót borgarlistamanns Reykjavíkur árið 2012 og heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2013.

Arvo Pärt

Cantus in memoriam Benjamin Britten
Te Deum



Kyrrðin og íhugunin virðist öllu æðri í tónsmíðum eistneska tónskáldsins Arvos Pärt (1935) sem heillað heimsbyggðina með einstökum tónsmíðum sínum. Í mögnuðu andríki verka hans er hverri nótu fundinn staður og stund af einskærri alúð.

Arvo Pärt kom fram með nýtt tónmál seint á sjöunda áratug síðustu aldar sem aflaði honum vinsælda og frægðar sem fáir ef nokkrir gátu séð fyrir. En tónlist hans, sem er fremur kyrrstæð og íhugul, á sér ómstríða og tilraunakennda fortíð. Pärt var í andstöðu við ríkjandi skoðanir og viðhorf í Eistlandi á tímum kommúnismans þegar landið var undir yfirráðum Rússa. Hann samdi áleitna og krefjandi tónlist sem féll í grýttan jarðveg hjá yfirvöldum, tónlist sem að sama skapi vakti athygli á honum í vestrænum ríkjum.

Pärt leitaði leiða til að koma hugsunum sínum og tónlist í nýjan farveg. Í átta ár 1968–1976, sem stundum er nefnt „þögla tímabilið“ í lífi tónskáldsins, fór Pärt í einkonar pílagrímsför til að rýna inn á við og finna kjarnann í tónlist sinni. Á þessu tímabili sinnti hann lítt tónsmíðum heldur einbeitti hann sér að rannsóknum á gregorssöng og fjölröddun frá endurreisnartímanum. Þó leit þriðja símfónían dagsins ljós á þessum tíma.

Árið 1976 lét tónskáldið frá sér lítið píanóverk sem hann nefndi *Für Alina*. Þar kemur Pärt fram með nýja tónsmíðaaðferð sem hann nefndi *tintinnabuli* sem getur útlagst sem litlar bjöllur. Í aðferðinni gilda strangar reglur um það hvernig hljómtónar fylgja laglínunni og á útkoman sér fáar hliðstæður; einhverskonar algleymi, þar sem gamalt mætir nýju af yfirvegum í sömu lygnunni, að því er virðist laust við ægivald tímans.

Um tónskáldið

Arvo Pärt er margverðlaunaður fyrir tónlist sína bæði í heimalandinu og utan þess. Á árunum 1989–2013 hlaut hann 11

Grammy-tilnefningar, flestar fyrir bestu samtímatónsmíðina. Tveir geisladiskar með tónlist Pärts hlutu Grammy-verðlaunin 2007 og 2014. Árin 2003 og 2011 fékk hann *Classic Brit*-verðlaunin, og ári síðar 2012 var dagur á BBC-tónlistarhátíðinni helgaður tónlist Pärts.

Pärt sagði hið flókna og margbrotna trufla sig, hann væri í stöðugri leit að einingu. Hann sagðist hafa uppgötvað að það nægði sér að ein nóta væri fallega leikin því þessi eina nóta, þögn eða andartaks þögn veitti honum huggun. Þögnin er einmitt upphafið á verki Pärts, *Cantus in memoriam Benjamin Britten*, sem hann samdi í minningu breska tónskáldsins Benjamins Britten. Fráfall tónskáldsins hafði djúp áhrif á Pärt sem hafði í nokkurn tíma langað að ná fundi Brittens.

Cantus, sem er skrifað fyrir strengjasveit og eina bjöllu, byggir á fallandi a-moll tónstiga. Í kjölfar upphafspagnarinnar fylgja þrjár bjölluhringingar en strengjahljóðfærin kveða sér hljóðs með auðmýkt, einn hópur í senn. Hver hópur sem hefur leik, spilar tónstigann helmingi hægar en sá sem á undan kom. Þannig leikur önnur fiðla helmingi hægar en fyrsta fiðla og víólan leikur helmingi hægar en önnur fiðla, eða fjórum sinnum hægar en fyrsta fiðla, og svo koll af kolli. Bassinn leikur afar löng nótnagildi eða 1/16 af hraða fyrstu fiðlu.

Í hverri umferð er einni nótu bætt við fallandi tónstigann og er fyrsta fiðla, sá hópur sem fyrstur hóf leik, fyrstur til að ljúka við tónstigann og endurtekur grunntóninn a þar til allir hóparnir hafa náð sama markmiði. Bjallan skapar trúarlega stemningu og glymur, að því er virðist, af handahófi yfir strengjahópnum sem smám saman byggir upp spennu með vaxandi styrk og tónstígunum sem skarast á ólíkum hraða. Það er hins vegar ómur bjöllumnar, sem kvað sér hljóðs í upphafi, sem á lokaorðið í sorgarljóði Pärts.

Tónlistin á Íslandi

Cantus in memoriam Benjamin Britten hefur einu sinni áður verið á dagskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar en það var árið 1990 undir stjórn eistneska hljómsveitarstjórans Eris Klas. Verkið hljómaði á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 2013 undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Arvo Pärt segir að hann hafi á varfærnislegan hátt dregið *Te Deum* út úr þögninni og tóminu.

Hljómsveitina notar tónskáldið á fremur hógværan hátt og þó endurtekningar séu ráðandi í verkinu nær hann fram ríkum fjölbreytileika, nostrar við öll smáatriði og leggur út frá einfaldleika textans og blæbrigðum hans. Pärt samdi verkið í *tintinnabuli*-stíl á árunum 1984–1985, hartnær áratug síðar en fyrsta verk hans, *Für Alina*, í sama stíl leit dagsins ljós. *Te Deum* tileinkaði tónskáldið Alfred Schlee, yfirmanni Universal Edition til fjörutíu ára, en útgáfufyrirtækið gefur út tónlist Pärts ásamt margra annarra nafntogaðra tónskálda.

Pärt flutti frá Eistlandi til Vínarborgar 1980 og ári síðar til Berlínar þegar honum var veittur styrkur til námsdvalar í borginni. *Te Deum*, sem var frumflutt í Köln af Útvarpskórnum og –hljómsveitinni, er samið fyrir þrjá kóra; kvennakór, karlakór og blandaðan kór, strengi, breytt píanó (*prepared piano*) og segulband. Á segulbandinu er upptaka af vindhörpu þar sem tveir tónar, d og a, eru leiknir. Tónar vindhörpunnar eiga að koma frá tveimur uppsprettum; tveimur geisladiskum eða segulböndum og þjóna sem eins konar drón eða bassi. Upptakan á vindhörpunni á að líkja eftir *ison*, síendurteknum tóni sem er leikinn í óbreyttri tónhæð gegnum verkið, og var notaður í býzanskri kirkjutónlist.

Arvo Pärt ásamt Henryk Mikołaj Górecki og John Tavener hafa verið kenndir við svokallaða helga naumhyggju. Mikið af tónlist þeirra er trúarlegs eðlis þó henni sé fremur ætlaður staður í tónleikasal en trúarathöfn. Pärt hefur sýnt flokkun tónlistar sinnar af þessum toga lítinn áhuga og svaraði því til: „Er ég virkilega naumhyggjumaður? Það er nokkuð sem veldur mér ekki áhyggjum.“

Tónlistin á Íslandi

Hamrahlíðarkórarnir og Kammersveit Reykjavíkur fluttu Te Deum á tónleikum í Langholtskirkju í febrúar 1998, að tónskáldinu viðstöddu.

Hamrahlíðarkórarnir fluttu Cecilia, vergine romana eftir Arvo Pärt ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói árið 2003 undir stjórn Kaljustes.

Henryk Mikołaj Górecki

Sinfónía tregafullra söngva



Í sínfóníu nr. 3 eftir Górecki (1933–2012), sem nefnd hefur verið *Sinfónía tregafullra söngva*, er meginviðfangsefnið dramatískur texti um missi og viðskilnað mæðra við börn sín. Þó yrkisefnið sé sorglegt þá er það sammannlegt - áhyggjur, kvíði og von - sem ásamt aðgengilegu tónmáli hefur eflaust stuðlað að geysilegum vinsældum sínfóníunnar. Verkið var samið á þriggja mánaða tímabili í lok ársins 1976 og tileinkað eiginkonu tónskáldsins.

Sinfónían er í þremur hægum þáttum sem allir bera yfirskriftina *Lento*. Fyrsti þátturinn hefst á leik kontrabassanna sem jafnframt er upphaf að keðju þar sem hver hljóðfærahópur kemur inn fimmund hærra en sá sem á undan fór. Í miðjum þættinum kveður söngkonan sér hljóðs og syngur harmaljóð frá seinni hluta 15. aldar þar sem María Guðsmóðir syrgir son sinn. Á lokatóni söngsins hefja strengirnir leik að nýju og vindur tónskáldið ofan af tónvefnaðnum þar til einungis neðri strengir og píanó hljóma á tóninum e, upphafstóni þáttarins.

Tónskáldið greindi frá því að texti annars þáttar hafi verið kveikjan að sjálfri sínfóníunni. Hann var að blaða í bók sem heitir *Sláturhúsið* og fjallar um sögu „Hallarinnar“ höfuðstöðva Gestapo í bænum Zakopane. Í bókinni var ljósmynd af ljóði sem 18 ára stúlka, Helena Wanda, hafði grafið á vegg í fangaklefa nr. 3 sem kveðju til móður sinnar. Það var annar þátturinn sem átti ríkan þátt í vinsældum sínfóníunnar og var meðal annars einkennisstef bresku útvarpsstöðvarinnar Classic FM.

Í lokaþættinum notar Górecki þjóðkvæði frá Opole-héraði þar sem móðir syrgir son sinn sem féll í orustu. Jarðneskar leifar drengsins hafa ekki fundist en sínfónían endar á von þess efnis að ósk móðurinnar rætist og sonurinn fái að hvíla í friði undir blómabreiðu við fuglasöng.

Hjördís Ástráðsdóttir

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt þriðju sínfóníu Góreckis, það var 1995 í Hallgrímskirkju undir stjórn Osmos Vänskä. Einsöngshlutverkið var í höndum Sigrúnar Hjálmtýsdóttur.

Te Deum

Te Deum laudamus:
te Dominum confitemur.
Te aeternum Patrem, omnis terra veneratur.
Tibi omnes angeli,
tibi caeli et universae potestates:
tibi cherubim et seraphim
incessabili voce proclamant:
Sanctus, Sanctus, Sanctus
Dominus Deus Sabaoth.
Pleni sunt caeli et terra
majestatis gloriae tuae.

Te gloriosus Apostolorum chorus,
te prophetarum laudabilis laudat numerus,
te martyrum candidatus laudat exercitus.
Te per orbem terrarum
sancta confitetur Ecclesia;
Patrem immensae maiestatis;
venerandum tuum verum et unicum Filium;
Sanctum quoque Paraclitum Spiritum.

Tu rex gloriae, Christe.
Tu Patris semperternus es Filius.
Tu, ad liberandum suscepturus hominem,
non horruisti Virginis uterum.
Tu, devicto mortis aculeo,
aperuisti credentibus
regna caelorum.
Tu ad dexteram Dei sedes,
in gloria Patris.
Iudex crederis esse venturus.

Te ergo quaesumus,
tuis famulis subveni,
quos pretioso sanguine redemisti.
Aeterna fac cum sanctis tuis
in gloria numerari.

Vér lofum þig, Guð

Vér lofum þig, Guð:
Vér játumst þér, Drottinn.
Þig, eilífi faðir, tignar jörðin öll.
Til þín hrópa allir englar,
til þín hrópa himnar og öll máttarvöld,
til þín hrópa kerúbar og serafar
þrotlausri röddu:
Heilagur, heilagur, heilagur
er Drottinn, Guð allsherjar.
Himinn og jörð eru full
af mikilleik dýrðar þinnar.

Dýrðlegur kór postulanna lofar þig,
lofleg fjöld spámannanna lofar þig,
hvítklæddur her þíslarvottanna lofar þig.
Heilög kirkja játast þér
um alla heimskringluna,
föður ómælanlegrar tignar,
og æruverðum sanna og eina syni þínum,
og heilögum huggandi anda.

Þú konungur dýrðarinnar, Kristur.
Þú ert eilífur sonur föðurins.
Er þú tókst á þig frelsun mannkynsins
skelfdist þú eigi skaut meyjarrinnar.
Er þú hafðir sigrað brodd dauðans
opnaðir þú hinum trúuðu
himnaríki.
Þú situr við hægri hönd Guðs,
í dýrð föðurins.
Vér trúum að þú komir til að dæma.

Því biðjum vér þig:
kom til hjálpar þjónum þínum,
sem þú hefur endurleyst með dýrmætu blóði.
Lát þá teljast með þínum heilögu
í eilífri dýrð.

Salvum fac populum tuum, Domine,
et benedic hereditati tuae.
Et rege eos,
et extolle illos usque in aeternum.
Per singulos dies benedicimus te;
et laudamus nomen tuum in saeculum,
et in saeculum saeculi.
Dignare, Domine, die isto
sine peccato nos custodire.
Miserere nostri, Domine, miserere nostri.
Fiat misericordia tua, Domine, super nos,
quemadmodum speravimus in te.
In te, Domine, speravi:
non confundar in aeternum.

Amen. Sanctus, Sanctus, Sanctus.

*Forn kirkjubæn, nú á dögum oftast eignuð
heilögum Nicetas Dardani*

Gjör fólk þitt hólríð, Drottinn,
og blessa arfleifð þína.
Og stjórna þeim,
og upphef þau allt til eilífðar.
Á hverjum degi blessum vér þig;
og lofum nafn þitt um öld,
og um öld alda.
Virð þú, Drottinn, á þessum degi
að gæta þess að vér syndgum eigi.
Miskunna oss, Drottinn, miskunna oss.
Verði náð þín, Drottinn, yfir oss,
svo sem vér höfum treyst á þig.
Ég hef sett traust mitt á þig, Drottinn:
að eilífu mun ég eigi glatast.

Amen. Heilagur, heilagur, heilagur.

III Symfonia
zwana też
Symfonią pieśni żałosnych

I
Synku miły i wybrany,
Rozdziel z matką swoje rany,
A wszakom cię, synku miły, w swem sercu nosiła,
A także tobie wiernie służyła.
Przemów k matce, bych się ucieszyła,
Bo już jidziesz ode mnie, moja nadziejo miła.

*Lament świętokrzyski
z „Pieśni łysogórskich“
(druga połowa XV w.)*

II
Mamo, nie płacz, nie.
Niebios Przeczysta Królowo,
Ty zawsze wspieraj mnie.
Zdrować Mario, Łaskiś Pełna.

*Zakopane „Palace“
cela nr 3 ściana nr 3
Błazusiakówna Helena Wanda
lat 18 siedzi od 25 IX 44*

Þriðja sínfónía
einnig nefnd
Sínfónía tregafullra söngva

I
Sonur minn kær og útvalinn,
deildu sárum þínum með móður þinni,
enda hef ég borið þig, kæri sonur,
í hjarta mér og þjónað þér af trúsemi.
Tala til móður þinnar, svo að hún megi gleðjast,
því að þú ert að fara frá mér, vonin mín ljúfa.

*Harmaljóð frá héraði Heilags kross
úr „Söngvum frá Łysa Góra“
(frá seinni hluta 15. aldar)*

II
Mamma, gráttu ekki, nei.
Flekklausa himnadrottning,
styð þú mig ávallt.
Heil sért þú María, full náðar.

*Í „Höllinni“ [höfuðstöðvum Gestapo]
í Zakopane
klefa nr. 3, vegg nr. 3
Helena Wanda Błazusiakówna
18 ára, í haldi frá 25. september 1944*

III
Kajze mi sie podziol
moj synocek mily?
Pewnie go w powstaniu
zle wrogi zabily.

Wy niedobrzy ludzie,
dlo Boga swietego
cemuscie zabili
synocka mojego?

Zodnej jo podpory
juz nie byda miala,
chocbych moje stare
ocy wyplakala.

Chooby z mych lez gorkich
drugo Odra byla,
jesce by synocka
mi nie ozywila.

Lezy on tam w grobie,
a jo nie wiem kandy
choc sie opytuja
miedzy ludzmi wsandy.

Moze nieboroczek
lezy kay w dolecku,
a moglby se lygac
na swoim przypiecku.

Ej, cwierkejcie mu tam,
wy ptosecki boze,
kiedy mamulicka
znalezc go nie moze.

A ty, boze kwiecie,
kwitnijze w okolo,
niech sie synockowi c
hoc lezy wesolo.

Fragment Pieśni ludowej z opolskiego

III
Hvert er hann horfinn mér,
sonurinn minn kæri?
Eflaust drápu hann illir
óvinir í uppreisninni.

Þið grimmúðuga fólk,
í guðs heilaga nafni,
hvers vegna drápuð þið
son minn?

Ekki mun ég nokkra aðstoð fá
frá nokkrum manni,
þótt ég gréti úr mér
augun mín gömlu.

Þótt úr bitrum tárum mínum
verði annað Óder-fljót,
þá mundi það samt ekki
endurlífga son minn.

Hann liggur þarna í gróf,
og ég veit ekki hvar,
þótt ég spyrjist allsstaðar fyrir
meðal fólksins.

Kanski vesalings pilturinn
liggi einhversstaðar í gryfju,
en hann gæti lagzt til svefns
á ofnbekknunum sínum.

Æ, syngið þarna fyrir hann,
þið smáfuglar guðs,
þegar móðurmyndin hans
getur ekki fundið hann.

Og þú, smáblóm guðs,
blómstra allt um kring,
svo að sonur minn
hvílist hamingjusamlega.

*Brot úr „Þjóðkvæðum frá Opole-héraði“
Íslenskar þýðingar gerði Reynir Axelsson*

Hamrahlíðarkórarnir mars 2016

Alma Ágústsdóttir
Agnes Jórunn Andrésdóttir
Agnes Sólmundsdóttir
Anna Elisabet Sigurðardóttir
Anna Mínerva Kristinsdóttir
Anna Pálína Baldursdóttir
Arnaldur Gylfi Þórðarsson
Ásgrímur Ari Einarsson
Ásta Sigríður Arnardóttir
Ástrós Sigurjónsdóttir
Baldur Viggósson Dýrfjörð
Bergur Nordal
Bjarki Hall
Björn Ari Örvarsson
Bryndis Bergþórsdóttir
Brynhildur Rut Þorbjarnardóttir
Dagur Steinn Baldursson
Dýrleif Una Bergs
Emil Gauti Friðriksson
Enar Kornelius Leferink
Eydis Egilsdóttir Kvaran
Eygló Káradóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Freyja Jónsdóttir
Friðgeir Ingi Jónsson
Garðar Helgi Biering
Guðmundur Þórir Hjaltason
Guðni Páll Guðmundsson
Guðný Guðmundsdóttir
Guðný Margrét Eyjólfssdóttir
Guðrún Friða S. Wium
Guðrún Lára Þórsdóttir
Gunnar Dofri Viðarsson
Gunnar Hlynur Úlfarsson
Gunnhildur Ýrr Gunnarsdóttir
Halldór Sörlí Ólafsson
Halldóra Ósk Helgadóttir
Hallgrímur Kjartansson
Harpa Óskarsdóttir
Heiða Darradóttir
Heiðrún Vala Einarasdóttir
Hera Magdalena Steinunnar Eiríksdóttir
Herdís Birta Jónsdóttir
Hildur Elísa Jónsdóttir
Hildur Fjalarsdóttir
Hildur Iðunn Sverrisdóttir
Hilma Kristín Sveinsdóttir
Hjalti Jóel Magnússon
Hjalti Nordal
Hjalti Vigfússon

Hjörtur Ingi Skarphéðinsson
Hjörtur Páll Eggertsson
Hólmfríður Hafliðadóttir
Hugrún Britta Kjartansdóttir
Hulda María Albertsdóttir
Iðunn Einarasdóttir
Jakob van Oosterhout
Janus Bjarki Birgisson
Jara Hilmarasdóttir
Jóhanna Malen Skúladóttir
Jón Arnar Einarsson
Jón Nordal
Júlía Gunnarsdóttir
Jökull Sindri Gunnarsson
Katrín Guðnadóttir
Katrín Helga Ólafsdóttir
Kári Hrafn Guðmundsson
Kjartan Ólafur Gunnarsson
Klara Rosatti
Klara Sigurðardóttir
Kolbeinn Arnarson
Kristinn Örn Sigurðsson
Laura Sólveig Lefort Scheefer
Líneik Jakobsdóttir
Magdalena Guðrún Bryndísardóttir
Magnús Magnússon
Margrét Aðalheiður Önnu Þorgeirsdóttir
Margrét Helga Magnúsdóttir
Margrét Lára Baldursdóttir
María Ása Auðunsdóttir
Marteinn Sindri Jónsson
Melkorka Gunborg Briansdóttir
Móeiður Kristjánsdóttir
Nökkvi Nils Bernhardsson
Óðinn Ásbjarnarson
Ólafur Baldvin Jónsson
Ólafur Sverrir Stephensen
Ólafur Þórsson
Ólöf Sesselja Ingimundardóttir
Pétur Jónsson
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir
Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir
Sara Ósk Þorsteinsdóttir
Signý Æsa Káradóttir
Sigrún Gyða Sveinsdóttir
Sigrún Ninna Sigurðardóttir
Sigrún Perla Gísladóttir
Sigurður Guðni Gunnarsson
Sigurgeir Ingi Þorkelsson
Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir

Silja Snædal Pálsdóttir
Símon Karl Sigurðarson Melsteð
Sóley Sigurjónsdóttir
Sólrun Kolbeinsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Sólveig Birna Júlíusdóttir
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Steinunn Ása Sigurðardóttir
Styrmir Hrafn Danielsson
Sunna Ami Amenuvor
Sverrir Arnórsson
Sverrir Páll Sverrisson
Sylvía Spilliaert
Sæmundur Rögnvaldsson
Sólvi Rögnvaldsson
Tómas Arnar Guðmundsson
Tómas Helgi Baldursson
Úlfhildur Eir Jónsdóttir
Valgarður Ragnheiðar Ívarsson
Valgerður Kristjánsdóttir
Vigdís Kristín Rohleder
Vigdís Þóra Másdóttir
Vilborg Magnúsdóttir
Þorgerður María Þorbjarnardóttir
Þorgrímur Þorsteinsson
Þóra Birgit Bernóudsdóttir
Þórbergur Atli Þórsson
Þórður Hallgrímsson
Þórhildur Katrín Baldursdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir
Þórunn Eir Pétursdóttir
Örnólfur Eldon Þórsson

MEÐLEIKARI Á ÆFINGUM:
Snorri Sigfús Birgisson

Á döfinni

Föstudagsröðin – meistarar laglínunnar

Fös. 4. mars » 18:00



Á tónleikum í nýrri Föstudagsröð SÍ hljóma tvær tónsmíðar eftir austur-evrópsk tónskáld þar sem laglínur eru í forgrunni fremur en úrvinnsla stefja að þýskum sið. Tsjajkovskíj var sannkallaður meistari laglínunnar, átti það sameiginlegt með Chopin að geta spunnid flæðandi hendingar sem eru hlaðnar tjáningu. Fjórða sinfónía Tsjajkovskíjs er einmitt bæði lagræn og tilfinningaþrungin.

Tónskáld úr okkar samtíma sem einnig hefur sett laglínuna í öndvegi er hinn eistneski Arvo Pärt. Hann samdi Spiegel im Spiegel árið 1978 og efniviðurinn gæti ekki verið einfaldari. Úr smáum skrefum fiðlunnar verður til laglína sem kallast á við brotna hljóma píanósins með einstökum og hrifandi hætti.

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Nicola Lolli fiðla

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó

Rakhmanínov og Beethoven

Fim. 10. mars » 19:30



Píanókonsertar Rakhmanínovs njóta fádæma hylli um allan heim. Sá fyrsti hefur ekki hljómað á Íslandi um langt árabíll en verkið samdi hann aðeins átján ára gamall. Einleikari er hinn úkraínski Alexander Romanovsky sem vann til fyrstu verðlauna í Busonipíanókeppninni á Ítalíu sautján ára og er framúrskarandi píanisti af „rússneska skólanum“ svokallaða. Á tónleikunum hljómar einnig tónlist Sibeliúsar við leikrit Shakespeares, Ofviðrið, sem sýnir gjörla snilli hans í að draga upp litríkar myndir í tónum. Gláðvær fyrsta sinfónía Beethovens hefur kætt áheyrendur um víða veröld allt frá því að hann stýrði frumflutningi hennar í Vínarborg aldamótaárið 1800. Hljómveitarstjóri er Dima Slobodeniouk.

Hljómsveit á tónleikum

3. mars 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Pascal La Rosa
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Joaquín Páll Palomares
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Christian Diethard

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Hafðís Vigfúsdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grimur Helgason
Helga Björg Arnardóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

SLAGVERK

Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgeststjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Kvikmyndatónleikar

Jóhann Jóhannsson

Fim. 17. mars » 20:00

Jóhann Jóhannsson telst nú til helstu kvikmynda tónskálda samtímans. Hann er tilnefndur til Óskarsverðlauna annað árið í röð, í þetta sinn fyrir tónlist við myndina Sicario, og hlaut í fyrra Golden Globe-verðlaunin fyrir The Theory of Everything, sem fjallar um líf Stephens Hawking. Á þessum tónleikum verða frumfluttar þrjár nýjar hljómsveitarsvítur með

Tryggið ykkur miða

tónlist Jóhanns, úr Sicario, The Theory of Everything og Prisoners. Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið á efnisskrána nýlega kvikmyndatónlist eftir þau Jonny Greenwood og Mica Levi. Einnig hljómar sívinsæl tónlist eftir John Williams, m.a. úr Jurassic Park, Superman, ET og Indiana Jones. Stjórnandi er Adrian Prabava.

Föstudagsröðin



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Í Norðurljósum í Hörpu

Fös **4. mars** » 18:00


Fös **1. apríl** » 18:00

Fös **6. maí** » 18:00

Föstudagsröðin er ný tónleikaröð þar sem hljómsveitarstjórinn Daníel Bjarnason teflir saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum.

Miði á staka tónleika er á 2.700 kr.

Áskriftarkort á brenna tónleika kostar aðeins 6.480 kr.

   @icelandsymphony #sinfó



Aðalstýrkaraðili:

GAMMA